

Nr. 039 / 14 Mar GK 21

Bilun í stýri og dreginn til hafnar

Skipaskr.nr. 7050
Smíðaður: Hafnarfirði 1988 plast
Stærð: 5,9 brl. 5 bt.
Mesta lengd: 7,98 m Skráð lengd: 7,88 m
Breidd: 2,58 m Dýpt: 1,53 m
Vél: Yanmar 213 kW, 2011
Fjöldi skipverja: 1

Gögn:
Gögn RNSA



Mar©Guðmundur Birkir Agnarsson

Málið afgreitt á fundi 6. október 2014 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 6. maí 2014 var Mar GK 21 á siglingu á leið á strandveiðar. Veður: A 8 m/sek.

Á siglingunni fannst skipstjóra stýrið virka illa svo hann sneri aftur til Grindavíkur. Hann bætti olíu tvisvar á stýriskerfið en það dugði lítið og þegar komið var undir Staðarberg óskaði hann eftir aðstoð.

Björgunarbáturinn Árni í Tungu tók Mar í tog þar til björgunarskipið Oddur V. Gíslason kom og tók við drættinum til Grindavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að vökvæðing í stýrisbúnaði hafði losnað þar sem hún tengdist vökvæðu sem drifinn var af vélinni;
- að einhver leki hafði verið á þessu en ekki hægt að sjá hann þar sem þetta var undir vélinni;
- að samkvæmt skráningu Siglingastofnunar Íslands voru vélaskipti gerð í bátnum á árinu 2011. Fram kom hjá skipstjóra að hann teldi hugsanlegt að frágangur á þessu hefði ekki verið sem skyldi við skiptin.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.